

**Aðalfundur aðalstjórnar UMFN, þann 21. mars 2018 kl. 20:00 í  
Íþróttamiðstöð Njarðvíkur**

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Einara L. Kristjánsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Jenný L. Lárusdóttir og Thor Hallgrímsson úr stjórn félagsins ásamt 22 öðrum gestum.

**Dagskrá fundarins:**

1. Fundur settur
  - Kosning fundarstjóra
  - Kosning fundarritara
  - Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
  - Ávarp formanns
  - Reikningshald aðalstjórnar og deilda, vegna ársins 2017, lagt fram til samþykktar
  - Lagabreytingar
2. Heiðursviðurkenningar
3. Ávarp gesta
4. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda
  - a. Kosinn formaður
  - b. Kosnir 2 stjórnarmenn til tveggja ára
  - c. Kosnir 2 menn í varastjórn til eins árs
  - d. Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara
5. Önnur mál
6. Fundarslit

1. Ólafur Eyjólfsson setur fundinn og stingur upp á Böðvari Jónssyni sem fundarstjóra, það er samþykkt samhljóða.

Böðvar leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Hann fer svo yfir dagskrá fundarins.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram og samþykkt samhljóða.

Ólafur formaður kemur í pontu. Hann óskar knattspyrnudeildinni til hamingju með frábæran árangur í sumar og gerir ráð fyrir að framhald verði á góðum árangri þeirra.

Mikið hefur verið rætt um framtíðarsýn félagsins í samfélaginu. Það var skipuð sérstök nefnd um málið í hittiðfyrra. Áhugi var lítill á að starfa í nefndinni þangað til að skýrsla um framtíðarsýn var lögð fram en þá urðu skyndilega fjölmargir áhugasamir um málið. Ýmislegt sem kom fram í þessari skýrslu var slitið úr samhengi þegar rætt var um hana í fjölmiðlum. Ólafur fór yfir skýrslu þessarar nefndar en eintök af skýrslunni lágu frammi fyrir fundargesti.

Hann ræddi um möguleika á nýrri aðstöðu félagsins annars vegar við Afreksbraut og hins vegar í Innri-Njarðvík, það hefur ekki verið tekið illa í þessar hugmyndir í nefndum bæjarins.

Hann minntist bæði á landsmót 50+ sem var haldið í Hveragerði sem og unglíngalandsmótið á Egilsstöðum. Næsta Landsmót verður haldið 12-15. júlí 2018 og 50+ verður haldið samhliða því. Félagsmenn hvattir til að mæta á öll þessi mót og eiga góða stund saman.

Sport og ævintýraskólinn sem starfar yfir sumartímann hefur gengið vel eins og undanfarin ár.

Árleg vinavika var haldin í október, hún gengur út á að börn sem æfa íþróttir með félaginu bjóða öðrum börnum á æfingu með sér. Það hefur gefist vel að halda þessa vinaviku og í lok hennar er svo haldinn UMFN dagurinn.

Sambandsþing var haldið á Egilsstöðum, fimm mætu frá UMFN. Eftir almenn þingstörf var komið að stóra málinu, þ.e. inngöngu íþróttabandalaga í félagið. Til þess að hægt væri að kjósa um það þurfti lagabreytingu til, það var ekki samþykkt. Lagt til að kalla til nýjan fund og var því ákveðið að halda sambandsráðsfund síðar sem tæki aðeins fyrir þetta eina mál.

Þorrablótið var haldið í Ljónagryfjunni sjöunda árið í röð og tóks það vel, 450

manns sóttu blótið og var uppselt í lok nóvember. Vinna við næsta mót er nú þegar hafin.

14 ungmenni voru valin í landsliðskeppnir á árinu, það er ekki sjálgefið, þar reynir á samstarf þjálfara og foreldra til að árangur náist.

Ólafur vill minna á að foreldrar sem fylgja börnum sínum eru andlit UMFN út á við.

Að lokum þakkar hann stjórnarmönnum og öllum sjálfboðaliðum frábært starf án þeirra væri félagið ekki á þeim stað sem það er.

Gunnar Þórarinnsson kemur í pontu og fer yfir ársreikning félagssins. Það er rekstarhagnaður upp á tæplega 605 þúsund krónur. Staða félagsins er góð. Hann býður fundargestum að spyrja út í ársreikninginn eða koma með fyrirspurnir. Engar spurningar koma fram.

Böðvar býður fundargestum að taka til máls varðandi ársskýrsluna eða ársreikningana. Engin óskar eftir að taka til máls.

Ársreikningur UMFN er samþykktur samhljóða.

Engar lagabreytingar lágu fyrir.

2. Eftirfarandi aðilum er veitt;

Silfurmerki fyrir 15 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Sturla Ólafsson

Gullmerki fyrir 20 ára starf eða keppni fyrir félagið

- Halldóra Lúthersdóttir
- Valþór Söring Jónsson
- Jóhannes Kristbjörnsson

Stefán Freyr Thordersen kemur í pontu til að afhenda Ólafsbikarinn. Hann hlýtur Hafsteinn Hilmarsson

3. Böðvar býður fundargestum að taka til máls.

Helgi Gunnarsson fjármálastjóri UMFÍ kemur í pontu. Hann þakkar fyrir það góða starf sem hér er unnið. Gaman að sjá að fjárhagurinn er góður og gott starf unnið. Hann talar um að ekki sé hægt að hafa lið í efstu deildum nema vera með gott

Yngri flokka starf. Það þarf að vera gott utanumhald í svona starfsemi. Fólk þarf að vera í stjórn og nefndum til að þetta gangi upp, það er mjög mikil vinna sem liggur þar að baki. Íþróttir snúast ekki bara um íþróttirnar sjálfar heldur líka um félagsstarfið. Honum þykir vinavikan mjög áhugaverð sem og þorrablótíð. Hann flytur þakkir frá stjórn og framkvæmdarstjórn UMFÍ fyrir það ágæta starf sem hér er unnið.

Ómar Bragi Stefánsson starfsmaður UMFÍ kemur í pontu. Hann er meðal annars umsjónarmaður landsmótanna. Unglingalandsmót verður haldið í Þorlákshöfn í sumar, undirbúningur gengur vel. Hann vonar að það eigi fleiri eftir að komast á það mót en mótið í fyrra. 50+ mótið hefur verið haldið frá 2011, það er gaman að sjá fólk á öllum aldri koma og keppa. Almenna Landsmótið hefur yfirleitt verið haldið á fjögurra ára fresti en þó hefur sú regla ekki haldið alveg. Það landsmót var komið á ákveðna endastöð. Vangaveltur voru um hvað ætti að gera í sambandi við það. Það var ákveðið að gera breytingar á þessu móti, breytingar m.a. gerðar í samvinnu við BGI í Danmörku. 50+ mótið verður haldið á sama tíma og Landsmótið. Áður var þetta mót þar sem félögin voru að safna stigum. Það voru hömlur á því hversu marga mátti senda. Nú hefur verið gerð breyting á og mótið gert mun opnara. Hver og einn getur skráð sig sjálfur og eru ýmis mismunandi flokkar. Dagskráin byggist upp á fjórum flokkum, merktum með litunum gulur, rauður, grænn og blár. Gulur þýðir keppni, rauður þýðir að hægt að er kynnst nýrri grein og fá að prófa. Grænt er opið svæði fyrir fólk til að prófa og blátt er fyrir „skemmtu þér“, sem inniheldur ýmsa viðburði, skemmtarnir og sýningar. Það verður eitthvað fyrir alla á þessu móti.

#### 4. Kosningar;

- a. Ólafur Eyjólfsson býður sig fram til formanns og er kosinn samhljóða
- b. Anna Andrésdóttir og Ágústa Guðmarsdóttir bjóða sig fram til tveggja ára stjórnarsetu og eru kosnar samhljóða.
- c. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir og Thor Hallgrímsson bjóða sig fram til varamanna stjórnar og eru kosin samhljóða.
- d. Kristín Örlygsdóttir og Valþór Söring bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga og Ingigerður Sæmundsdóttir til vara og eru þau öll kosin samhljóða.

5. Böðvar býður fundargestum að taka til máls.

Jón Björn Ólafsson kemur í pontu. Hann langar til að ræða um framtíðaraðstöðu félagsins. Hann talar fyrir hönd stjórnar körfuknattleiksdeildarinnar. Stjórnin styður tillögu númer eitt um að framtíðarsvæði félagsins verði byggt upp við Afreksbrautina. Það er fjölmennt í Innri-Njarðvík en hann telur að farið verði á mis við ýmislegt með því að færa aðstöðuna þangað, t.d. miðstöð samgöngu við Nettó, fimleika og annað. Stjórn deildarinnar óskar eftir því að stjórn félagsins leggi þunga á að byggja upp aðstöðu við Afreksbraut sem fyrst. Núverandi aðstaða er ekki boðleg fyrir knattspyrnudeild né körfuknattleiksdeild.

Böðvar segir að fyrir nokkrum árum hefði verið líklegt að sjá aðstöðu í Innri-Njarðvík, en þar sem nú er verið að byggja Hlíðarhverfið, með 400-800 íbúðir, þá verður það fullgillt skólahverfi og þarf þá að huga að nýjum skóla sem væri hægt að byggja við Afreksbrautina og þá opnast góð tækifæri fyrir okkar félag að eiga möguleika á að fá nýja aðstöðu þar. Töluverð fjölgun hefur verið í bæjarfélaginu, 7,5 % á síðasta ári og það stefnir í enn meiri fjölgun á þessu ári. nú yfir 18.000 íbúar.

Jóhannes Kristbjörnsson kemur í pontu. Ungmennafélag Njarðvíkur. Hann veltir því fyrir sér hvort það sé til frambúðar að byggja í Innri-Njarðvík. Flugbraut rétt fyrir ofan Afreksbrautina, því fylgir mengun sem er ekki góð fyrir okkur né börnin. Í Innri-Njarðvík er möguleiki á auknum félagafjölda. Þetta hús er orðið ónóthæft. Framtíðarþróunin ætti að vera í átt frá flugvellingum, í átt að Vogunum frekar en að færa sig nær flugvellingum. Mörg félög hafa nýtt sér ný hverfi og það gengið vel. Iðkenndafjöldi er mikill frá Innri-Njarðvík og telur hann það vera framtíðina.

6. Ólafur Eyjólfsson talar um að það sé gaman að hlusta á misjafnar skoðanir varðandi framtíðarsýn félagsins. Hann þakkar fyrir kosningu sína og stjórnarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:10.

